

Rotary



# (NAUÐSYNLEGAR) BREYTINGAR TIL ATHUGUNAR FYRIR KLÚBBBA OG UMDÆMI

Löggjafarráð 2016 (tölurnar í svigum vísa til viðkomandi lagasetningar).

## Mætingar

**Möguleikar á að breyta reglum.** Klúbbar geta minnkað eða aukið kröfur um mætingu og reglur um uppsögn vegna fjarvista. Þó er ætlast til að klúbbarnir sendi mætingaskýrslur til umdæmisstjóra. Allir klúbbar sem æskja þess að halda sig við hefðbundnar kröfur um mætingu geta gert það. (16-21)

**85- reglan.** Rótaryfélagar geta fengið undanþágu frá mætingu ef samtala árafjölda þeirra sem félagar í einum eða fleiri klúbbum og aldri þeirra er að minnsta kosti 85 og þar af skulu þeir hafa verið félagar í 20 ár að minnsta kosti. (16-35)

## Stjórn klúbbs

**Gjaldkeri.** Gjaldkerinn er nú fastur stjórnarmaður í stjórn klúbbsins. (16-02)

**Fundargerðir stjórnarfunda.** Halda skal skriflegar fundargerðir um alla stjórnarfundi klúbbsins og skulu félagar hafa aðgang að þeim innan 60 daga frá fundinum. (16-01)

## Fjármál klúbbsins

**Aðgangseyrir.** Hægt er að taka inn nýja féлага án þess að þeir greiði aðgangseyri. Þó geta klúbbar einnig ákveðið að innheimta þessi gjöld áfram og þeim er frjálst að bæta aðgangseyri við önnur gjöld í félagslögum sínum. (16-07)

**Hækkun á klúbbgjöldum.** Til að mæta fjárhagsvanda og þörfinni á að auka þjónustu við klúbbana hafa hálfársgjöld RI verið hækkuð um US\$4 fyrir næstkomandi þrjú ár — í US\$30,00 fyrir sex mánuði árin 2017-2018, US\$32,00 fyrir sex mánuði 2018-2019, og US\$34,00 fyrir sex mánuði árin 2019-2020. (16-99)

## Klúbbfundir

**Hægt er að breyta mætingareglum.** Klúbbar geta nú breytt mætingadögum og tímasetningum og geta frestað fundum að því tilskildu að fundir séu haldnir að minnsta kosti tvisvar í mánuði. Þó geta þeir klúbbar sem vilja halda sig við hefðbundin skilyrði um fundi og afboðanir gert það áfram. (16-21)

**Fundi frestað.** Klúbbar geta frestað fundi ef hann fellur til í viku þar sem er opinber frídagur. (16-26)

**Þátttaka í fundum í eigin persónu og á netinu.** Klúbbar geta haldið fundi með mætingu, á netinu og leyft netaðgang að fundi þar sem mætt er í eigin persónu eða skipt á milli þessara gerða funda. (16-30)

## Löggjafarráð

**Tillögur til laga.** Aðeins má fjalla um tvenns konar tillögur: lagasetningu þar sem farið er fram á breytingu á stjórnskipunargögnum RI, og ályktunum frá stjórn RI. (16-113)

**Fulltrúar í stjórn.** Fulltrúar starfa í þrjú ár sem og taka þeir sæti 1 júlí árið eftir að þeir eru kosnir. Til dæmis myndi fulltrúi stjórninni **2019** taka sæti sitt þar þann **1. júlí 2017** og sitja þar fram til **30. júní 2020**. (16-114)

**Ályktanaráð.** Ályktanaráð sem í sitja fulltrúar ráðsins skulu halda fundi á netinu ár hvert til að fara yfir tilmæli. Ályktanir geta verið lagðar fram af klúbba, umdæmisþingi, allsherjarráði eða þingi RIBI (Rótaryklúbbum Bretlands og Írlands). Ályktanir sem samþykktar eru af meirihluta fulltrúa í ráðinu skal leggja fyrir aðalframkvæmdastórann fyrir 30. júní árið á undan fundi löggjafarráðs. (16-113)

### **Breytingar á umdæmum**

**Klúbbar færðir til samliggjandi umdæma.** Ráðið getur sameinað umdæmi sem er með færri en **1.100** félaga eða skipt upp umdæmum sem eru með fleiri en **100** klúbba í samliggjandi umdæmi. (16-84)

**Breytingar á umdæmum taka gildi eftir tvö ár.** Allar ákvarðanir ráðsins að eyða eða breyta umdæmamörkum skulu ekki taka gildi fyrr en 2 árum eftir samþykkt þeirra. (16-86)

### **Umdæmisstjórnir**

**Varaforsetar.** Ekki er lengur skylt að hafa varaforseta. Þessi aðili kemur í stað forseta ef sá aðili er ófær um að uppfylla skyldur sínar. Ef umdæmið notast við tilnefningarnefnd skal tilnefningarnefndin velja fyrrverandi forseta sem verðandi forseti stingur upp á. Ef tilnefningarnefndinni berst ekki tilnefning eða ef ekki var notast við tilnefningarnefndina getur verðandi forseti valið fyrrverandi forseta sem varaforseta. Varaforsetinn skal starfa árið eftir að hann er valinn. (16-74, 16-76, 16-77)

**Málsmeðferðarreglur ef ársreikningar og fjárhagsskýrsla umdæmis fást ekki samþykktir.** Ársreikninga og fjárhagsskýrslu skal ræða og samþykkja innan þriggja mánaða frá lokum umdæmisþings eða á næsta umdæmisfundi sem allir klúbbar hafa rétt til að senda fulltrúa til og hefur verið boðaður með 30 daga fyrirvara. Nú er enginn fundur haldinn og skal forseti halda póstatkvæðagreiðslu innan 60 daga frá lokum þess þriggja mánaða tímabils. (16-88)

**Slæleg meðferð á fjármunum umdæmis.** Hver sá sem fer ekki að í samræmi við kröfur Rótary um meðferð fjármuna, meðal annars að fara ranglega með sjóði umdæmisins er útilokaður frá því að sinna embætti á vegum Rótary eða umdæmisskrifstofunnar þar leyst hefur verið úr þeirri óreglu. (16-89)

### **E-klúbbar**

**E-klúbbar og Rótaryklúbbar.** Aðgreiningin milli hefðbundinna klúbba og e-klúbba hefur verið afnumin. Þó tilvísanir til e-klúbba hafi verið fjarlægðar úr stofnskrárákvæðum Rótary geta e-klúbbar haldið áfram að tilgreina sig og kynna sem Rótaryklúbba sem halda fundi eingöngu eða aðallega á netinu. (16-82)

### **Kosningar**

**Samhliða mótframboði til forsetakjörs.** Fjöldi þeirra klúbba sem samþykkja þurfa mótframboð gegn útnefndum frambjóðanda hefur verið aukinn í 10 aðra klúbba eða um 20 prósent af heildarfjölda klúbba í umdæmnu, eftir því hvor talan er hærri. Aðeins þeir klúbbar sem teljast eins árs gamlir frá og með 1. júlí það ár eru taldir með og geta staðið að mótframboðinu. (16-71)

**Hagræðing á tilnefningarferli í kosningum.** Ef umdæmi endurtekur valferli forseta vegna sérstakra aðstæðna þarf forseti ekki að endurtaka beiðnina um tillögur frá klúbbum ef engar slíkar voru lagðar fram í fyrra tilnefningarferlinu. (16-72)

### **Tímarit**

**Sameiginleg áskrift tímarita.** Tveir Rótaryfélagar sem búa á sama heimilisfangi geta kosið að vera áskrifendur sameiginlega að The Rotarian eða því umdæmistímariti sem klúbbur þeirra fer fram á. (16-96)

## **Félagsaðild**

**Reglur og skilyrði.** Klúbbar geta ákveðið eigin reglur og kröfur fyrir félagi sem flytjast til, tvöfalda félagsaðild og heiðursfélagi. Þeim er jafnframt frjálst að halda áfram að fara að í samræmi við hefðbundin ákvæði um þessa félagi. Einu skyldubundnu skilyrðin fyrir félagsaðild eru að Rótaryfélagar skulu vera fullorðnir einstaklingar sem hafa óflekkað mannorð, eru vammlausir og hafa til að bera stjórnunarhæfileika; hafi á sér gott orð í atvinnurekstri sínum, starfsgrein og samfélagi og eru fúsir til að þjóna samfélagi sínu og á heimsvísu. (16-36,16-38)

**Nýjar tegundir félagsaðildar.** Klúbbar geta boðið upp á ýmsar gerðir félagsaðildar svo sem samstarfsaðild, fyrirtækjaaðild og fjölskylduaðild. Þeir klúbbar sem þjóna þessarar viðbótargerðir þurfa að tilkynna þessa félagi sem „virka“ til Rótary til að þeir verði skráðir á bækur klúbbsins. Klúbburinn sjálfur tekur síðan nánari ákvarðanir um fjárskuldbindingar (félagsgjald, matarkostnað o.s.frv.), kröfur um mætingu og væntingar um þjónustu varðandi þessa félagi. Þó geta aðeins virkir félagar verið gjaldgengir til ábyrgðarstarfa og talist með sem ákvörðunarþáttur um kjörstyrk klúbbsins. (16-36)

**Tvöföld félagsaðild að Rótary og Rótaract-klúbbum.** Rótaract-félagar geta verið félagar samtímis í Rótaract- og Rótary-klúbbi. (16-40)

**Fjárhagsstaða félaga sem flyst milli klúbba.** Væntanlegir félagar sem skulda fé í öðrum klúbbi skulu ekki gjaldgengir sem félagar. Klúbbar þurfa að afla sér staðfestingar á að fyrrverandi Rótaryfélagi eigi engar útistandandi skuldir í fyrrverandi klúbbi sínum. Þegar klúbbur fer fram á yfirlýsingu um hvort klúbbfélagi, sem æskir þess að flytjast milli klúbba eða er fyrrverandi félagi, skuldi fé þá skal brugðist við slíkri beiðni innan 30 daga. Ef ekkert svar berst er gert ráð fyrir að félaginn sé skuldlaus. Þessar breytingar eru á félagslögum RI en eru ekki lengur endurteknar í *Almennri stofnskrá Rótaryklúbba*. (16-51)

## **Nýjir klúbbar**

**Lágmarksfjöldi vegna skráningar.** Nýjir klúbbar þurfa að vera með að minnsta kosti 20 félagi til að fá skráningu. (16-83)

## **Tímabundin niðurfelling**

**Tímabundin niðurfelling félagsaðildar.** Klúbbar geta nú felld niður félagsaðild félaga í allt að 90 daga. Að loknum þeim tíma skal annað hvort segja upp félagsaðild hans eða taka hann inn að nýju. Félagi sem sviptur fengið félagsaðild sína fellda niður tímabundið hefur rétt á að áfrýja niðurfellingunni eða fara fram á málemiðlun eða gerðardóm. (16-49,16-50)

**Tímabundin niðurfelling eða uppsögn klúbba vegna málaferla.** Hægt er að svipta klúbba aðild tímabundið eða segja þeim upp ef félagi þeirra höfðar mál gegn RI eða Rótarysjóðnum — þar með talin málsókn gegn stjórnendum, vörslumönnum, embættismönnum og starfsmönnum þeirra — áður en gripið hefur verið til allra þeirra úrræða sem Rótary býr yfir. Lögjafarráðið gerði einnig betri grein fyrir þeim skilyrðum sem gilda um aðgerðir sem Rótary getur gripið til gagnvart umdæmum þar sem endurtekið er kvartað yfir framkvæmd kosninga. (16-81)